

Erindi til sveitarstjórnar Strandabyggðar

Samtök um Kvennaathvarf leita til sveitarstjórnar Strandabyggðar um styrk til að geta áfram tekið á móti konum og börnum sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis, og um leið veitt þeim þann mikilvæga stuðning sem þörf er á til að takast á við þær áskoranir sem upp koma þegar stigið er útúr ofbeldi.

Með stuðningi frá bæði almenningi og stjórnvöldum hefur Kvennaathvarfið getað aukið við ráðgjöf og stuðning við bæði konur og börn sem sækja þjónustu athvarfsins. Auk þess hafa þolendur getað dvalið í athvarfinu eins lengi og þörf er á og fengið þar frítt fæði og uppihald. Búsetubrú athvarfsins hefur svo náð að grípa margar konur eftir að dvöl þeirra í athvarfinu líkur. Þetta hefur orðið til þess að konur sem snúa tilbaka í óbreytt ástand úr athvarfinu eru nú mun færri en áður, eða farið úr 64% niður í 11%.

Kvennaathvörfin sem rekin eru í Reykjavík og á Akureyri eru sótt af konum og börnum af allri landsbyggðinni. Eins er viðtalsþjónusta veitt til kvenna og aðstandenda um allt land, en sú þjónusta fer ört vaxandi. Ráðgjafar okkar hafa átt í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga í gegnum árin, bæði hvað varðar málefni þeirra kvenna sem til okkar leita en einnig í auknum mæli varðandi málefni barna sem gista athvarfið.

Ofbeldi í nánnum samböndum er landlægur faraldur sem ekki tekst að spyrna gegn nema allir leggist á eitt. Því er mikilvægt að öll sveitarfélög sendi skýr skilaboð og styðji við rekstur Kvennaathvarfs. Við viljum auk þess vekja athygli á að Kvennaathvarfið býður uppá fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga, nemendur, stofnanir og fyrirtæki. Ef Strandabyggð hefur áhuga á að nýta sér þjónustu fræðslustýrunnar, vinsamlegast hafið samband í netfangið isol@kvennaathvarf.is.

Sveitarfélög landsins eru öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfs og er það von okkar að svo verði áfram. Kvennaathvarfið er rekið að hluta til á ríkisstyrkjum en til þess að geta viðhaldið þjónustustigi okkar þá er nauðsynlegt að fleiri aðilar styrki rekstur þess. Sveitarfélögin eru þannig mikilvægur hlekkur í rekstri Kvennaathvarfsins og í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2026 að fjárhæð kr. 200.000.



Kær kveðja
Linda Dröfn Gunnarsdóttir
Framkvæmdastýra Kvennaathvarfs
linda@kvennaathvarf.is